

Skýrsla 2017

Skóli á grænni grein



Leikskólinn Andabær Hvanneyri

Leikskólinn Andabær er þriggja deilda leikskóli (Hulduheimar, Álfheimar og Goðheimar). Í dag eru 44 börn á aldrinum 9.mánaða - 6 ára. Á leikskólanum eru starfandi fjórir leikskólakennarar, einn leikskólaleiðbeinandi A (B.ed próf í leikskólakennarafræðum), einn þroskaþjálfari, einn leikskólaleiðbeinandi B (með B.Sc. próf í Búvísindum), sex leiðbeinendur, einn starfsmaður eldhúss og tveir ræstitæknar.

Framhaldsumsókn um Grænfána

Vorið 2005 fengum við afhentan Grænfánann í fyrsta sinn og var mikil ánægja meðal allra að hafa stigið þetta skref að vinna markvisst að umhverfismálum hér í leikskólanum. Það var svo vorið 2007 sem við fengum fánann afhentan í annað sinn, 2009 í þriðja sinn, 2011 í fjórða skipti og 2013 í fimmta sinn og nú síðast í sjötta sinn árið 2015. Smátt og smátt höfum við eflst í starfi okkar og er umhverfisvernd orðin stór hluti af okkar starfi. Ætlum við okkur að halda umhverfisstarfinu áfram og bæta okkur jafnt og þétt og væntum við þess nú að geta flaggað Grænfánanum áfram næstu tvö árin.

Umhverfisnefndin

Valdís Magnúsdóttir hefur tekið við verkefnastjórnun af Álfheiði Sverrisdóttur. Okkur þykir mikilvægt að í umhverfisnefnd leikskólans sitji fulltrúi frá hverri deild leikskólans, fulltrúi foreldra og matráðs. Umhverfisnefndina skipa því: Valdís Magnúsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúi Álfheima, Ástríður Guðmundsdóttir leikskólastjóri, Harpa S. Magnúsdóttir fulltrúi Hulduheima, Jóhanna Björnsdóttir fulltrúi Goðheima, Kolbrún Freyja matráður, og Jóhannes Kristjánsson fulltrúi foreldra. Vegna tíðra breytinga á ræstitæknum þykir ekki ástæða til að hafa fulltrúa þeirra með í nefndinni. Ræstitæknar eru að sjálfsögðu uppfærddir í byrjun starfs um áherslur okkar í meðferð ræstiefna og almennt um sparnað og endurnýtingu.

Ekki voru ákveðnir í upphafi skólaárs fastir fundartímar yfir veturinn og hefur það valdið því að fundað hefur verið sjaldnar heldur en við vildum, en þó höfum við fundað nokkrum sinnum yfir veturinn. Við ætlum að gera þá breytingu á að fundir umhverfisnefndar verði ákveðnir í upphafi skólaárs svo að þeir verði oftari yfir skólaárið og vel dreift. Undanfarin ár hafa reglulega verið haldnir fundir með elstu börnum leikskólans og var það gert tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar sinnum eftir áramót þetta skólaárið. Á þessum fundum með elstu börnunum hafa umhverfismál verið rædd,

helstu hugtök umhverfisverndar, hvað við erum að gera í þessum efnum og hvað við getum bætt enn frekar. Að loknum fundum förum við um leikskólann og athugum hvað við finnum jákvætt í leikskólanum er varðar umhverfismál.

Mat á stöðu umhverfismála

Haustið 2004 var ákveðið að fara af stað með þá vinnu að sækja um Grænfánann. Þá kom í ljós að margt mátti betur fara í umhverfismálum hjá okkur en einnig var ýmislegt hjá okkur sem var til sóma. Unnið var hörðum höndum að því að komast á græna grein og voru skrefin sjö höfð til hliðsjónar.

Nokkrum árum síðar er enn margt sem betur má fara hjá okkur og er sjálfsagt af nógu að taka. Höfum við einsett okkur að vera meira á verði og hafa gátlista Landverndar okkur til hliðsjónar.

Umhverfisnefndin hefur sameiginlega fyllt út listann á hverju ári og á umhverfisnefndarfundum s.l. haust var farið vandlega yfir gátlistann og skoðað vel það sem betur má fara. Umhverfisnefnd hittist aftur í vor fór yfir gátlistann að nýju og mat í leiðinni hvernig til hefði tekist. Elstu börn leikskólans fóru einnig yfir listann með kennara í samverustund. Ánægjulegt var að sjá hve sammála börnin voru okkur fullorðna fólkinu og styrkti það okkur í þeirri vissu að börnin eru vel meðvituð um starfið hér í leikskólanum hvað varðar umhverfismál. Fylgir eintak af útfylltum gátlistanum með þessari skýrslu.

Gaman er að sjá hversu meðvituð börnin eru orðin, og þá sérstaklega hvað varðar endurnýtingu á pappír. Börnin passa það vel að teikna beggja vegna á blöðin auk þess sem þau passa upp á henda blöðum ekki í ruslið heldur í pappírskörfuna okkar svo hægt sé að endurnýta pappírinn.



Skólahópur í Grænfánafræðslu

Áætlun um aðgerðir og markmið

Tillögur að markmiðunum eru settar fram af umhverfisnefnd og eru síðan ræddar á starfsmannafundi af öllu starfsfólki leikskólans. Á þann hátt næst almenn sátt meðal starfsfólks sem er forsenda þess að vel gangi að framfylgja og vinna að settum markmiðum.

Við fyrstu umsókn um Grænfánann, árið 2005 settum við okkur eftirfarandi fimm markmið:

1. Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.
2. Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.
3. Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír.
4. Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.
5. Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Vorið 2007, er við fengum Grænfánann afhentan í annað sinn þá var bætt við tveimur nýjum markmiðum:

1. Gera Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum.
2. Nota eingöngu umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni.

Vorið 2009 fengum við Grænfánan afhentan í þriðja sinn og bættum við þá við okkur 5 nýjum markmiðum:

1. **Minnka notkun plastpoka á deildum leikskólans.**
2. **Hætta að kaupa mjólk í fernum og setja upp “beljur“ í staðinn.**
3. **Minnka notkun á pappírs- og bleiþurrkum eftir bestu getu með því að nota frekar handklæði og þvottapoka og þá eingöngu stykki úr umhverfisvænni bómull.**
4. **Nota eingöngu umhverfisvæna plastpoka undir lífræna ruslið.**
5. **Auka umhverfisfræðslu í leikskólanum og koma á samstarfi leikskólans Andabæjar og Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar.**

Vorið 2011 fengum við grænfánan afhentan í fjórða sinn og settum við okkur þá 5 ný markmið:

1. **Matjurtagarður**
2. **Spara rafmagn**
3. **Aukin flokkun**
4. **Auka samvinnuvið fleiri grænfánaskóla**
5. **Auka þátttöku barnanna enn frekar í Grænfánastarfinu**

Vorið 2013 fengum við grænfánann afhentan í fimmta sinn og settum við okkur þá þrjú ný markmið:

1. **Vettvangsferðir og útinám**
2. **Gróðursetning trjáa á skólalóðinni og umhirða þeirra**
3. **Molta sjálf**

2015

Þetta árið setjum við okkur 4 ný markmið og eru þau eftirfarandi:

1. Skiptifatamarkaður í leikskólanum

Hugmyndin er að setja upp horn í leikskólanum þar sem foreldrar og starfsfólk geta komið með gömul föt sem ekki nýtast börnunum þeirra lengur og skilið þau eftir ef aðrir foreldrar geta nýtt þau. Þá geta foreldrar komið og skoðað markaðinn og

athugað hvort þau finni eitthvað sem þeirra börn geta nýtt. Með þessu sjáum við fyrir okkur að hægt sé að gefa gömlum fötum nýtt líf og foreldrar spara í leiðinni í fatakaupum.

2. Setja upp fuglahús á leikskólalóðinni

Hugmyndin er að setja upp fuglahús á lóðinni til að laða til okkar smáfugla og gefa þeim að borða og þannig vekja áhuga barnanna á smáfuglunum og fræða þau um hvers vegna það er mikilvægt að fæða fuglana og hvernig þeir fara af í náttúrunni, bæði á sumrin og yfir háveturinn auk þess sem við viljum fræða þau um hversu mikilvægir fuglar geta verið náttúrunni, t.d. með því að bera með sér fræ og þess háttar.

3. Skilti á bílastæði um að drepa á bílnum

Eitt sinn var skilti á bílastæðinu þess efnis að fólk var beðið að drepa á bílnum á meðan það færi inn í leikskólann. Það skilti eyðilagðist og hefur töluvert borið á því undanfarið að fólk drepi ekki á bílnum þegar það á erindi inn í leikskólann og því teljum við þörf á því að setja upp slíkt skilti.

4. Sauma taupoka undir blaut föt

Árið 2009 settum við okkur markmið um að minnka notkun á plastpokum og fórum í samstarfsverkefni við foreldra, þar sem foreldrar komu með gömul rúmföt eða boli og við saumuðum taupoka úr því. Þetta verkefni reyndist vel og viljum við því sauma enn fleiri slíka poka og með því ganga lengra í því að minnka plastpakanotkun, og eingöngu nota taupoka undir blaut föt sem þarf að senda heim.

Eftirlit og endurmat

Eins og áður hefur komið fram er farið reglulega yfir gátlista Landverndar til að skoða stöðu umhverfismála við leikskólann, bæði á starfsmannafundum og á fundum umhverfisnefndar. Allir starfsmenn leikskólans eru upplýstir um umhverfisstefnu Andabæjar og eru vel þegnar allar tillögur þar að lútandi enda er mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um stefnuna og virkir þátttakendur. Lögð er áhersla á að reyna að virkja hugarflug starfsmanna t.d. við nýtingu á umbúðum, ílátum og pappa sem til fellur því við viljum minnka sorp frá leikskólanum eins og mögulegt er. Í raun og veru erum við stöðugt á varðbergi hvar við getum gert betur hvort sem það á við dagleg störf eða innkaup og rekstur. Frá því við fengum Grænfánann fyrst hefur þetta áunnist hjá okkur:

2005

Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.

Lífrænn úrgangur er flokkaður á hverjum degi í leikskólanum, þessi flokkun fer aðallega fram í eldhúsinu hjá okkur eins og stendur þar sem jarðgerðarvélin Molda sem staðsett var hér í þorpinu bilaði fyrir nokkru og lífrænn úrgangur því ekki sóttur til okkar lengur. En það stendur til að ráða bót á þessu og vonumst við til að það gerist sem fyrst svo við getum farið að flokka aftur af fullum krafti. Við tökum þó alla ávaxtaafganga og setjum þá í litla jarðvegstunnu sem við erum með á lóðinni.

Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.

Í leikskólanum er ílát sem ætlað er fyrir ónýtar rafhlöður. Börn og foreldrar eru hvött til að koma með ónýtar rafhlöður í leikskólann í stað þess að henda þeim í almennt heimilissorp. Leikskólinn sér um að koma þeim á förgunarstöð.

Endurnýta og endurvinna allan fínan pappír.

Reynt er að nýta allan pappír eins og mögulegt er. Við klippum niður pappambúðir svo nýta megi þær í skapandi starf. Keyptur hefur verið pappírstætari og þar tætum við niður pappír sem nýtist ekki í annað; seinna er svo hægt að nota það sem tætt er niður í pappírsgerð eða pappamassa. Eftir megni er reynt að nýta fínan pappír til fulls t.d. að nota báðar hliðar og eru börnin hvött til að teikna á bakhlið blaða sem áður hafa verið nýtt. Afklippur eru nýttar í minnismiða og skapandi starf. Reynum við eftir megni að fá sem mest af pappír sem við notum gefins. Stofnanir í nágrenni leikskólans hafa verið duglegar að koma afgangspappír til okkar sem og foreldrar.

Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.

Í Andabæ vinnum við með “Könnunarleik” en það eru stundir þar sem börnin leika eingöngu með hvers konar “verðlaust efni”; tóm matarílát af öllum gerðum, keðjur, lykla, köngla, tappa, box, kassa, sælgætisbréf, bein og annað þess háttar. Börn, foreldrar og leikskólinn eru dugleg við að safna slíku heima og færa okkur í leikskólann. Það getur stundum verið áskorun að finna leiðir til að nýta umbúðir

og ef þær henta ekki í könnunarleikinn þá reynum við að nýta þær í skapandi starfi með börnunum. Við viljum engu henda!

Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Í leikskólanum er kassi sem ætlaður er undir kertaafganga hvers konar. Þar geta börn, foreldrar og starfsfólk látið kertaafganga er falla til heima fyrir og svo búum við til ný kerti úr afgangunum með því að bræða kertaafgangana í potti og steypa upp á nýtt í krukkur eða önnur hentug ílát. Við nýtum að sjálfsögðu kveikiþræðina úr kertaafgöngunum í nýju kertin. Þetta hefur gengið mjög vel og við fáum mikið af kertaafgöngum til okkar.

2007

Gera Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum:

Við viljum að þeir sem komi inn í leikskólann sjái strax að þetta er Grænfánaleikskóli. Það skiptir okkur miklu máli að vera “græn í verki” en ekki bara “græn í orði” og því er mikilvægt að umhverfið endurspegli starfið. Deildir leikskólans hafa unnið saman að því að útbúa “vegg” í aðalrymi sem endurspeglar umhverfisstefnu leikskólans og það umhverfisstarf sem börnin eru þátttakendur í. Með þessu móti fá foreldrar og aðrir gestir leikskólans innsýn í það sem við erum að fást við í leikskólanum. Sjáum við fyrir okkur að þessi veggur verði í stöðugri og reglulegri endurnýjun, allt eftir þema og áherslum hvers árs.

Nota eingöngu umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni

Í Andabæ hefur verið sú stefna að reynt sé að nota allar sápur í lágmarki. Ef mögulegt er skal eingöngu notast við vatn og með því að nota örtrefjaklúta í eldhúsi og inni á deildum hefur það gefist mjög vel að halda sápunotkun í lágmarki. Við kaupum inn ræstivörur sem merktar eru með viðurkenndum umhverfismerkjum, má þar nefna vörur frá Besta, en einnig notum við umhverfisvænt þvottaefni í þvottavélina. Nú höfum við loksins fengið umhverfisvænt efni sem hentar uppþvottavélinni okkar. Á salernunum eru sápuskammtarar með sápufroðu sem í dag er ekki umhverfisvæn en eftir því sem okkur skilst er framleiðandi að vinna að því að gera efnið umhverfisvænt. Þessi mál þarfnast því stöðugrar ígrundunar og munum við kappkosta að gera okkar besta til að forðast mengun náttúrunnar á þennan hátt.

2009**Minnka notkun á plastpokum**

Við óskuðum eftir því við foreldra barnanna að koma með efni t.d gömul sængurver til þess að við gætum saumað okkar eigin taupoka undir blaut föt barnanna. Við fengum góðar undirtektir og höfum nú saumað 3 stærðir af pokum. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hefur þetta vakið talsverða athygli hjá öðrum leikskólum sem hingað hafa komið. Þetta verkefni byggir á góðri samvinnu foreldra og leikskóla því foreldrar þurfa að muna eftir að koma með pokana hreina til baka. Þetta fyrirkomulag þýðir heilmikinn sparnað í plastpoka kaupum og er því að sjálfssögðu mun betra fyrir náttúruna.

Hætta að kaupa mjólk í fernum og setja upp “Beljur“ þess í stað

Nú höfum við tekið í notkun mjólkurvélar og staðsett þær inná deildum. Þetta þýðir að mun minna fellur til af fernum hérna á leikskólanum.

Minnka notkun á pappírs- og bleyjupurrkum eftir bestu getu með því að nota eingöngu handklæði og þvottapoka.

Þetta hefur gengið mjög vel og notum við nú eingöngu margnota þvottapoka í stað bleiuklútanna sem eru einnota og lengi að eyðast í náttúrunni. Einnig eru handklæði inn á öllum baðherbergjum leikskólans í stað pappírspurrka.

Nota eingöngu lífræna plastpoka undir lífræna ruslið.

Sveitafélagið útvegar okkur lífrænu pokana og allt lífrænt rusl leikskólans fer í þá og var það tekið tvisvar í mánuði og farið með það í moltu. Þessir lífrænu pokar eru gerðir úr maís og brotna auðveldlega niður í náttúrunni. Eins og áður segir er jarðgerðarvélin biluð sem stendur en vonast er til að ráða bót á því á næstunni. Þó svo að jarðgerðarvélin sé biluð höldum við áfram að flokka lífrænt rusl og fer það í áður nefnda maíspoka.

Auka umhverfisfræðslu í leikskólanum og koma á samstarfi á milli Leikskóla Andabæjar og Hvanneyrardeildar Grunnskóla Borgarfjarðar

Nemendur leikskólans og grunnskólans kappkosta við að gæta þess að umhverfið okkar sé laust við rusl, reglulega hittast nemendur grunnskólans og leikskólans og fara í göngutúr með það í huga að safna saman því rusli sem þau finna í umhverfinu.

Þjóðum Grunnskólanum til okkar að vori þar sem grænfánastarfið sem unnið hefur verið um veturinn er kynnt, einnig bíður Grunnskólinn okkur til sín í sama tilgangi. Leikskólinn fór einnig og var viðstaddur þegar Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar fékk afhentan nýjan Grænfána í október sl.



Í október fórum við og vorum viðstödd þegar grunnskólinn fékk grænfánann sinn

2011**Matjurtagarður**

Leikskólinn er með tilraunagarð inná lóðinni þar sem við settum niður kartöflur og smá kál, stefnum á að stækka hann og setja niður allskonar grænmeti svo við getum neytt okkar eigin grænmetis og til að sýna börnunum hvaðan grænmetið kemur. Vel hefur gengið með kartöflurnar en gulræturnar sem við settum niður sl. vor spruttu ekki nægilega vel hjá okkur. Vonandi fáum við gróðurkassa fljótlega svo auðveldara verði að rækta hvers kyns grænmeti. Sumarið 2017 hvíldum við kartöflugarðinn okkar því kominn var kláði í kartöflurnar og okkur var ráðlagt að hvíla garðinn í eitt ár. Vorið 2018 þarf að tvítæta garðinn og helst að setja sand í hann til að endurbæta og auka virkni hans.



Myndir unnar úr efniviði náttúrunnar, endurnýting

Spara rafmagn

Við ætlum að spara rafmagn meira en við höfum verið að gera og jafnvel láta taka perur úr ljósastæðum og spara þannig og auðvitað alltaf að slökkva þegar farið er út úr herbergi. Einnig reynum við að nota ekki fulla lýsingu nema þess gerist þörf, inn á deildunum og einnig á ganginum er hægt að kveikja eingöngu

á hluta af ljósastæðunum og nýtum við það óspart. Að lokum notum við kertaljós t.d. í samverustundum, þetta skapar öðruvísi stemningu hjá okkur og finnst börnunum þetta mjög spennandi.

Auka flokkun

Komnar eru flokkunar ruslatunnur inn í eldhús hjá okkur og er því allur úrgangur þaðan flokkaður. Það gengur aftur á móti hæggar að fá flokkunartunnur inn á deildirnar, en á móti kemur að úrgangur þaðan er með minnsta móti þar sem við nýtum allt sem allra best. Það eru nú komnar flokkunartunnur fyrir plast og pappír inn á deild.

Auka samvinnu

Áætlunin var að auka samstarf við fleiri grænfánaskóla s.s. Grunnskólann í Borgarnesi og í Hvalfjarðarsveit.

Komið er samband milli okkar og leikskólans Skýjaborg í Hvalfjarðarsveit. Þetta samstarf er enn á byrjunarstigi og felst aðallega í að ræða það sem við erum að gera og reyna að læra hver af öðru í þessum efnum. Vonandi mun þetta samstarf halda áfram og eflast og efla um leið okkur í þessu starfi. Einnig er komið á samband við Leikskólann Hnoðraból í Reykholtssdal, en þau fengu afhentan grænfánann í fyrsta sinn sl. sumar. Hefur þetta samstarf aðallega falið í sér umræðu um umhverfismál auk þess sem við höfum leiðbeint þeim aðeins um hvað hægt er að gera og hvernig leysa má hin ýmsu mál með umhverfisvernd í huga.

Auka þátttöku barnanna enn frekar í Grænfánastarfinu.

Stefnum á að halda 4 Grænfánafundi á ári með elsta hóp barnanna og eru þeir fundir dagsettir í byrjun skólaárs. Vonumst við til að með þessu séu þau virkari í öllu starfinu.

2013

Vettvangsferðir og útinám

Ætlunin var að fjölga vettvangsferðum og auka útinám í leikskólanum. Nokkuð vel hefur tekist til og er skipulagt að fara í göngutúr/vettvangsferð að minnsta kosti einu sinni í viku á elstu deildinni, en að sjálfsögðu fer það aðeins eftir veðri auk þess sem reynt er að grípa góð tækifæri á yngri deildum til að fara í göngutúra.

Þetta hefur gefist vel, enda höfum við fallega og krefjandi náttúru rétt við leikskólann.

Gróðursetning trjáa á skólalóðina og umhirða þeirra

Þar sem nýtt húsnæði leikskólans er einungis 6 ára gamalt var ekki mikið af trjám á lóðinni. Því var ráðist í það sumarið 2013 að gróðursetja runna meðfram leikskólagirðingunni og setja niður rifs- og sólberjarunna í beð auk þess sem sumarið 2014 voru gróður sett nokkur Reynitré og grenitré. Starfsfólk í samvinnu við börn og foreldra hafa séð um umhirðu þessara trjáa auk þess sem fengnir voru nemendur úr Umhverfisskipulagi hjá Landbúnaðarháskóla Íslands til þess að setja niður stoðir við stærstu trén svo þau lifðu af veturinn. Það að fá aðstoð nemenda úr Landbúnaðarháskólanum til að aðstoða okkur er einn hluti samstarfssamnings sem er á milli leikskólans Andabæjar og Landbúnaðarháskóla Íslands. Vel hefur gengið að hugsa um trén á lóðinni og eru þau að taka ágætlega við sér, auk þess sem von er á berjum af runnunum í sumar. Haustið 2017 komu svo nemendur frá landbúnaðarháskólanum og klipptu trén okkar og snyrtu, frábært að eiga svona gott samstarf og ómetanlegt að hafa aðgang að nemum í skógrækt til að aðstoða við ræktunina.

Molta sjálf

Markmiðið var að molta sem mest sjálf og sérstaklega vegna þess að moltuvél sem staðsett var á Hvanneyri bilaði og er ekki von á því að hún verði löguð á næstunni. Við settum upp litla moltutunnu á lóðinni og þangað setjum við alla ávaxtaafganga sem til falla auk annarra matvæla sem brotna auðveldlega niður. Moltuna nýtum við svo í kartöflugarði okkar sem næringu. Keyptar verða nýjar moltutunnur nú á næstu dögum svo við getum moltað á fullnægjandi hátt. Það er tilhlökkunarefni að koma moltumálunum í betra horf. Einnig ætti að verða auðveldara að kenna börnunum réttu handtökin með betri tunnum og réttara ferli í moltuvinnunni.

Okkur þykir hafa gengið vel að vinna að Grænfánamarkmiðunum okkar og ætlum við að halda áfram að vinna samkvæmt þeim. Börn og foreldrar hafa tekið þátt í þessu með okkur og er það von okkar að eitthvað af þessari umhverfismennt skili sér inn á heimili barnanna.

Við bílastæði leikskólans var fest upp skilti sem minnir fólk á að drepa á bílunum sínum, en það skilti skemmdist og er stefnan að fá nýtt skilti til þess að hengja upp aftur því þetta er þörf áminning fyrir alla, sérstaklega á köldum vetrardögum.

2015

Markmið sem sett voru árið 2015 voru eftirfarandi.

1. Skiptifatamarkaður í leikskólanum
2. Setja upp fuglahús á lóðinni
3. Skilti á bílastæði um að drepa á bílum
4. Sauma fleiri taupoka

Stærsta markmiðið okkar síðustu tvö ár var að koma upp skiptifatamarkaði í leikskólanum. Keypt var hirsla með skúffum undir skiptimarkaðinn og hann auglýstur reglulega til foreldra, bæði til að koma með föt og einnig að leita sér að fötum til notkunar. Hægt og sígandi er notkunin að aukast en við ætlum okkur að efla markaðinn enn frekar og fá okkur slá til að gera sýnileika fatanna meiri og skipta reglulega út fötum á slánni. Hafa skiptafataviku í hverjum mánuði þar sem markaðurinn er extra sýnilegur. Ef allt er að yfirfyllast förum við með hluta af fötum í Rauða krossinn í Borgarnesi þar sem hann nýtist auðvitað einnig vel. En það er ljóst að minna þarf reglulega á að kíkja í kassana og leita sér að nýtilegum fötum og það munum við gera. Því eins og við vitum er endurnýting nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi. Einnig þarf að sjálfsögðu að efla þennan hugsunarhátt hjá öllum að endurnýta og þá ekki síst fatnað. Heilmikið hefur verið hugsað um það hér í Andabæ hvernig við getum aukið áhuga foreldra á að nýta sér notuð föt og hvaða útfærsla sé hentugust.

Fuglahús á lóðinni.

Við fengum mann til að smíða fyrir okkur fuglahús og verður það sett upp á næstu dögum.

Þetta er sjálfsagður þáttur í því að auka fjölbreytni á lóðinni okkar með því að huga að fuglunum ásamt gróðri.

Gaman verður í framtíðinni að fylgjast með því hvort við fáum varp í húsið. Einnig munum við gefa fuglunum reglulega til þess að hæna þá að okkur. Þetta markmið okkar fellur undir það að huga vel að náttúrunni og umhverfinu og að

dýr og menn lifi saman í sátt og samlyndi. Góð umræða getur einnig skapast við börnin um hvers vegna er gott að hafa skjól, einnig fyrir dýrin.

Skilti á bílastæðið.

Þetta markmið er verið að endurvinnna því eldra skilti var orðið ónýtt og unnum við nýtt skilti í samvinnu við börnin.

Það er nauðsynlegt að drepa á bílunum til þess að minnka mengun. Þessi þáttur er einn af þeim sem þarf að minna reglulega á og því er mjög nauðsynlegt að hafa slíkt skilti.

Einnig er þetta þáttur sem ræddur er á Grænfánafundum með börnunum.

Sauma fleiri taupoka

Við í Andabæ höfum til allmargra ára notað eingöngu taupoka undir blaut föt sem þurfa að komast heim. Allir vita að plast er skaðlegt umhverfinu og er þetta því mjög góð leið til að hjálpa umhverfinu, að minnka blessað plastið. Við saumuðum því fleiri poka á þessu tímabili og stöndum okkur nokkuð vel í þessum þætti og börnin eru orðin meðvituð um að við í Andabæ notum taupoka undir blaut/skítug föt, til þess að vernda náttúruna. Þau vita hvar pokarnir eru og sækja yfirleitt taupoka sjálf ef það þarf að koma fötum áleiðis heim. En það er vinna að viðhalda þessu því alltaf glatast einn og einn poki, sem ekki skilar sér en er þá vonandi nýttur til góðs á heimilum barnanna. Við auglýsum reyndar reglulega eftir pokum ef okkur þykir farið að þynnast í staflanum og taka þá foreldrar yfirleitt vel við sér og pokarnir rata til baka allflestir oftast Pokasaumur er því dálítið eilífðarverkefni en við sinnum því með bros á vör. Einnig hafa foreldrar saumað fyrir okkur poka, svo því sé einnig til haga haldið. Einn daginn mætti líka forstöðumaður iðjuþjálfunar í Borgarnesi og færði okkur poka frá starfsmönnum þar, allt svona framlag er vel þegið og þakkarvert. Það er til fyrirmyndar að vinna svona saman í þágu náttúrunnar. Taupokastaðan er því nokkuð góð akkúrat núna og er það vel.

Fræðsla

Nemendur í Andabæ eru á aldrinum 9 mánaða til 6 ára og hefur umhverfismenntin verið aðlöguð aldri þeirra og þroska. Leikskólabörnin taka þátt í þeim verkum sem þarf að vinna að hverju sinni og læra þannig að tileinka sér tillitssemi og skilning á því hversu mikilvæg náttúran er okkur öllum, bæði í nútíð og framtíð. Börnin eru frædd um umhverfismál í samverustundum, hópastarfi og útiveru. Þar hvetjum við börnin til þess að taka eftir umhverfi sínu og hugsa vel um það. Álfheimar og Goðheimar fara að hausti og finna sér „sinn stað“ í nágrenninu. Þangað er farið reglulega, fylgst með árstíðabreytingum og þess er gætt að allt rusl sé fjarlæggt.

Á Hvanneyri erum við í nánum tengslum við náttúruna, það er stutt út í móa og í fjós. Hvanneyri er líka staður þar sem mikil uppbygging hefur verið á síðustu árum og fróðlegt er að fylgjast með húsbyggingum og öðrum framkvæmdum með tilheyrandi vinnuvélum. Hér eru drullupollar, hrossa- og gæsaskítur í grasinu, hættulegir skurðir, malarvegir og annað í umhverfinu sem merkilegt er að skoða og uppgötva, enda er útivera stór hluti af starfinu okkar í Andabæ og gönguferðir skipa þar stóran sess.

Hvanneyri er þannig staðsett að í svartasta skammdeginu sést ekki til sólar í u.þ.b. einn mánuð og því getur veturinn verið dimmur ef lítið er um snjó. Það er okkur því alltaf kærkomið þegar sólin brýst á ný upp fyrir Skarðsheiðina og daginn fer aftur að lengja, í ár héldum við til að mynda upp á það með hefðbundnu sólarkaffi með pönnukökum og öllu tilheyrandi. Við höfum gert dálítið meira úr þessu með myrkrið með því að hafa reglulega rafmagnslausan dag í leikskólanum. Þá mega börnin koma með vasaljós í leikskólann og við notum ekki nein rafmagnstæki þann daginn – lýsum upp með kertaljósum og borðum skyr í hádeginu.

Ekki höfum við útbúið ákveðið kennslufni um umhverfismál en höfum gert okkur far um að flétta fræðsluna inn í námsþætti leikskólastarfsins eftir bestu getu.

Kynning á stefnunni

Stefnan hefur verið kynnt á foreldrafundum sem reynt er að halda á hverju hausti, í fréttabréfum og á heimasíðu Andabæjar. Einnig var gefinn út sameiginlegur kynningarbæklingur frá leikskólanum Andabæ og Grunnskóla Borgarfjarðar, Hvanneyrardeild “Skólar á grænni grein” sem kom út vorið 2005 og þar eru skólarnir tveir kynntir hver fyrir sig. Vesturlandsblaðið Skessuhorn hefur einnig birt myndir og texta frá leikskólastarfinu í Andabæ og reynum við að senda innlegg þangað reglulega. Undanfarin ár hefur elstu börnum leikskólans verið boðið í heimsókn í Landbúnaðarháskólann til kynningar á því sem þar fer fram og hefur verið mikil ánægja með það hjá báðum aðilum. Skrifað var undir samstarfsamning á milli leik-, grunn- og landbúnaðarháskóla um samstarf á milli þessara þriggja í skólamálum. Þórunn Harðardóttir sem eitt sinn var verkefnisstjóri var með kynningu á Varmalandi í apríl 2009. Þar kynnti hún leiðir leikskólans og hvað við höfum verið að gera í umhverfismálum. Þarna voru grunn og leikskólar á vesturlandi með kynningu á skólunum, einn grunnskóli og einn leikskóli kynntu hvað þeir voru að gera í umhverfismálum. Aukið hefur verið að senda fróðleiksmola um náttúruna til foreldra í tölvupósti og er stefnan að vera dugleg að minna á náttúruvernd með reglulegum fróðleiksmolum.

Leikskólinn hefur nýlega hafið þátttöku í verkefninu Leiðtögin í mér, sem snýst um það að efla hæfileika hvers og eins. Í þessu verkefni fellst að halda Leiðtögadag, þar sem gestum er boðið í heimsókn í leikskólann og börnin leiða gestina um leikskólann og fræða þá um starfið. Okkar fyrsti leiðtögadagur var haldinn í maí sl. og komu rúmlega 30 gestir til okkar og heppnaðist dagurinn vel. Síðar um daginn var haldið opið hús fyrir foreldra og var fullt hús hjá okkur. Það að halda slík opin hús eða Leiðtögadag er einn liður í því að kynna Grænfánastarf leikskólans.

Okkur

Umhverfissáttmálinn

Höfum við sett okkur ákveðnar starfsreglur sem við vinnum eftir. Umhverfisnefndin vann að mestu þessar reglur en þá aðallega út frá þeim markmiðum sem starfsmennirnir höfðu sett sér. Börnin tóku þátt í samverustundinni þar sem starfsmaður fór yfir markmiðin og spurði börnin hvernig hægt væri að vinna eftir þessum markmiðum og hvað þau myndu vilja gera til þess að vinna eftir þeim.

Síðan fengu starfsmenn leikskólans að skoða starfsreglurnar til þess að sjá hvort hægt væri að bæta einhverju við eða taka út. Að lokum urðu allir sáttir og þá varð umhverfisstefna leikskólans Andabæjar að veruleika.



Börn í göngutúr



Verið að setja niður sumarblóm sem okkur voru gefin af Landbúnaðarháskólanum, börnin mjög áhugasöm